

# Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir, forstöðumaður  
Dags. 16. janúar 2018  
Mnr. 2017110067



ÍSAFJARÐARBÆR

---

Lögð eru fram drög að reglum um félagslega liðveislu í Ísafjarðarbæ. Núgildandi reglur Ísafjarðarbæjar um félagslega liðveislu eru komnar til ára sinna og þörfnuðust endurskoðunar.

Við endurskoðun reglnanna var horft til annarra sveitarfélaga en einnig byggt á reynslu síðustu ára um afgreiðslu á umsóknum um félagslega liðveislu.

Helstu breytingar:

1. Skýrari skilgreiningar á hugtökum, markhóp og forsendum þjónustunnar.
2. Félagsleg liðveisla er útfærð á tvo vegu; einstaklingsliðveisla og liðveisla í hópi.
3. Velferðarnefnd setur reglur um hámark endurgreiðslu kostnaðar sem liðveitandi fær endurgreiddan.
4. Ef nauðsynlegt er að liðveitandi leggi til eigin bíl þarf skriflegt samkomulag milli þjónustuþega og liðveitanda. Þjónustunotandi greiðir nú fyrir aksturinn, en ekki Ísafjarðarbær.
5. Þjónustuþegi skal staðfesta tímaskýrslur liðveitanda.
6. Starfsmanni velferðarsviðs er heimilt að leita upplýsinga hjá öðrum aðilum sem veita umsækjanda þjónustu ef þess er talin þörf.
7. Leiðir til áfrýjunar eru tilgreindar og skýrar.

Virðingarfyllst,

Hafdís Gunnarsdóttir